

FISKSJÚKDÓMANEFND

Form. Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir
Guðni Magnús Eiríksson, Fiskistofa
Jónbjörn Pálsson, Hafrannsóknastofnun
Árni Kristmundsson, Tilraunastöðin á Keldum
Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Hafrannsóknastofnun

26. október 2018
1801023

4. FUNDUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR ÁRSINS 2018

--- Fundargerð ---

Mættir: SD, GME, JP og GJ.

(ÁK og RÞM boðuðu forföll, en bæði sendu inn greinargerð og færðu rök fyrir sinni afstöðu til fundarefnisins. Guðni Guðbergsson, varamaður, var staddur erlendis).

1. SD setti fund kl. 09³⁰ í húsakynnum Matvælastofnunar að Dalshrauni 1B í Hafnarfirði. Aðeins eitt erindi var á dagskrá og tengist það afgreiðslu erindis Arnarlax frá síðasta fundi (sjá fundargerð frá 5. okt. 2018).

2. Þann 16. okt. sl. barst Matvælastofnun og fisksjúkdómanefnd andmæli Arnarlax vegna þeirrar ákvörðunar að hafna beiðni um lúsameðhöndlun á laxaseiðum sem alin eru í sjókvíum við Eyri í Patreksfirði. Í andmælum fengust m.a. upplýsingar um nýjustu niðurstöður lúsatalningar, bæði fyrir laxa- og fiskilús. Í stuttri samantekt er ljóst að heildafjöldi kynþroska laxalúsar hefur nánast staðið í stað ef miðað er við vikurnar á undan (einungis um 0,16 kynþroska kvenlús/fisk, sem tæpast er marktæk aukning), en önnur þroskastig hafa gefið eftir. Eftirtektarvert er að áföst lirlustig fundust ekki og greinilegt að nýsmit er lítið sem ekkert. Fjöldi fiskilúsar er enn á svipuðum stað og í lok september (sveiflast örlítið á milli talninga), en vel innan þeirra marka sem vænta má á þessum árstíma, eða rúmlega 11 lús/fisk. Viðbúið er að hratt dragi úr sjávarhita og ef að líkum lætur mun fiskilúsinn færa sig yfir á botnlægari fisktegundir á næstu vikum eins og henni er eðlislægt í byrjun vetrar.

Að umræðum loknum voru fundarmenn á einu máli um að forsendur hefðu ekki breyst frá því fyrri úrskurður var kveðinn upp í byrjun október. Fisksjúkdómanefnd er mjög áfram um að öll notkun lyfja sé framkvæmd með ábyrgum hætti og að undangenginni afdráttarlausri sjúkdómsgreiningu. Núverandi laxeldi við Eyri er eina starfrækta eldis-svæðið í Patreksfirði og engin starfsemi til staðar í Tálknafirði og smithætta fyrir nærliggjandi eldisstöðvar í lágmarki og mikilvægt að takmarka notkun lyfja við neyðartilvik. Miðað við ríkjandi fjölda lúsa og að teknu tilliti til þróunar mála undanfarnar vikur er ekki talin ástæða til að meðhöndla gegn laxa- og fiskilús við Eyri.

3. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10⁴⁵.

Næsti fundur ekki ákveðinn, en verður boðaður eftir því sem þörf verður á.

Virðingarfyllst;

Gísli Jónsson